

Miðlunartillaga
í kjaradeilu Eflingar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins 1. mars 2023

1. gr.

Kauptaxtar kjarasamnings aðila hækka frá 1. nóvember 2022, sbr. fylgiskjal A.

Mánaðarlaun þeirra sem ekki fá laun eftir kaupþöxtum kjarasamnings hækka um 33.000 krónur frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir kjarasamnings, t.d. bónusar, hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið. Bónusar og akkorð í fiskvinnslu skv. 18. kafla kjarasamnings hækka um 8%.

Heiti starfsins *Almennt starfsfólk veitinga- og gistihúsa* breytist í *Almennt starfsfólk veitingahúsa* og launaflokkur þess breytist ekki. Bætt er við nýju starfsheiti, *Almennt starfsfólk gistihúsa*, sem raðast í launaflokk 5 en að loknum þriggja mánaða reynslutíma raðast í launaflokk 6.

Desemberuppbót hækkar og verður á árinu 2023 103.000 krónur miðað við almanaksár fyrir fullt starf.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður 56.000 krónur á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023.

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Ekki kemur til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

2. gr.

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Miðlunartillagan felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Eflingar stéttarfélags og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans. Með sama hætti felur hann í sér breytingar og viðbætur við samning starfsfólks hótél- og veitingahúsa og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

Fylgiskjal A með miðlunartillögu ríkissáttasemjara

Launatafla frá 1. nóvember 2022

Lfl.	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár
4	402.235	406.257	412.351	420.598
5	404.568	408.614	414.743	423.038
6	406.914	410.984	417.148	425.491
7	409.275	413.367	419.568	427.959
8	411.648	415.765	422.001	430.441
9	414.036	418.176	424.449	432.938
10	416.437	420.602	426.911	435.449
11	418.853	423.041	429.387	437.975
12	421.282	425.495	431.877	440.515
13	423.725	427.963	434.382	443.070
14	426.183	430.445	436.902	445.640
15	428.655	432.941	439.436	448.224
16	431.141	435.453	441.984	450.824
17	433.642	437.978	444.548	453.439
18	436.157	440.518	447.126	456.069
19	438.687	443.073	449.720	458.714
20	441.231	445.643	452.328	461.374
21	443.790	448.228	454.951	464.050
22	446.364	450.828	457.590	466.742
23	448.953	453.443	460.244	469.449
24	451.557	456.072	462.914	472.172